

69. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 31. janúar 2023, kl. 13:00 á fjarfundi.

Mættir: Dóróþea Reimarsdóttir, Íris Hauksdóttir, Katrín Freysdóttir, Jón Kort Ólafsson, S. Guðrún Hauksdóttir, Lárus Ingi Baldursson fulltrúi nemenda, Ida Semey fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá

1. Stefnumótun varðandi menningarlíf

Þórarinn Hannesson, menningarfulltrúi skólans, mætti á fundinn undir þessum lið og fór yfir þætti er snúa að stefnumótun í menningarlífi. Menningarstefnan hefur verið í uppfærslu á undanförunum dögum og er nú að verða tilbúin til að bera upp á kennarafundi. Hann gerði grein fyrir því hvernig stefnan hefur verið útfærð og hvers konar viðburðir hafa verið haldnir. Má þar nefna rafræna listasýningu nemenda í lok anna og listamann mánaðarins. Þá hafa verið gerðir samstarfssamningar við ýmis söfn og setur á svæðinu. Ida ræddi um tengsl erlendra verkefna við menningu bæði innan og utanlands. Dóróþea spurði um hvernig menningarlíf nemenda væri tengt inn í menningarstefnuna. Flokkast t.d. félagslíf nemenda þar? Lára svaraði því að það flokkaðist annars staðar en fór yfir hvernig menning fléttast inn í kennslu og nám. Lárus gerði grein fyrir hvað hefur m.a. falist í félagslífi nemenda. Umræður um hvað getur flokkast sem menning. Lára lagði til að Lárus og Þórarinn færu í vinnu við að skoða hvort koma meggi þessu inn í stefnuna.

2. Erlend verkefni, heimsmarkmið

Ida fór yfir erlend verkefni sem skólinn tekur þátt í. Þar er bæði um að ræða NordPlus og Erasmus verkefni. Hún sagði frá því að mikið hefði verið í gangi síðustu tvær annir við að ljúka erlendum verkefnum sem hefðu dregist vegna Covid. Nú er hún að vinna lokaskýrslur fyrir þessi verkefni sem verið var að ljúka; Mat og menningu/Let's eat culture og námskeið fyrir starfsmenn um andlega uppbyggingu og streitustjórnun. Verkefnið um mat og menningu var einstaklega vel heppnað. Ida útskýrði hversu mikill munur er á að vera samþykktur Erasmus-skóli varðandi alla vinnu í kringum verkefnaumsóknir og styrki.

Ida sagði einnig frá vinnu skólans með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en skólinn hefur verið samþykktur sem Unesco-skóli. Halda þarf ákveðna viðburði og halda upp á þemadaga. Þá þarf að flétta heimsmarkmiðin inn í skólastarfið. Það er gert mjög víða í áföngum og það að vera grænánaskóli og hafa lokið grænum skrefum í ríkisrekstri hjálpar mjög. Hún gerði sérstaklega grein fyrir nýju verkefni sem sett er fram í áfanganum UMHV2SU05 (Heimsmarkmið - umhverfi og sjálfbærni). Þar eru 12 nemendur sem eru jafnframt umhverfisnefnd skólans. Í þessu verkefni er samstarf við erlenda skóla.

3. Námsframboð skólans

Aðstoðarskólameistari fór yfir námsframboð skólans á vorönninni sem er hefðbundið, alls eru 62 áfangar kenndir og þar af eru 4 nýir áfangar kenndir. Það eru ÍSAN3NB05 (íslenska sem annað mál), ÍSLE3RÁ05 (íslenska, krakkarásin), TÖLL1YS05 (tölvuleikir, yndisspilun) og UMHV2SU05 (Heimsmarkmið - umhverfi og sjálfbærni).

4. Niðurstaða náms á haustönn

Aðstoðarskólameistari fór yfir niðurstöður náms á haustönn. Í upphafi annar voru 478 nemendur skráðir og þann 17. desember útskrifuðust 30, 12 af félags- og hugvísindabraut, 11 af kjörnámsbraut, 2 af íþrótt- og útivistarbraut, 1 af listabraut - myndlistarsviði, 1 af náttúruvísindabraut og 3 af stúdentsbraut að loknu starfsnámi. Hafa þá 495 verið brautskráðir frá upphafi. Á haustönn skilaði skólinn 104 ársnemendum en á vorönn 2022 voru þeir 113. Ársnemar fjárhagsársins 2022 eru því 217. Meðaleinkunn allra námsgreina með tölueinkunn var 7,2 sem er svipað og hefur verið undanfarnar annir. Fall í áföngum var að meðaltali 23% sem er heldur hærra en annirnar á undan og brottfall 10%. Hópanýting var 82%.

5. Innritun, upphaf annar

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir upphafi vorannar. Þremur vikum eftir upphaf annar eru skráðir nemendur 559 og þar af 484 með skólann sem aðalskóla. Alls voru samþykktar 328 nýjar umsóknir og 12 umsóknum var hafnað. Aldrei hafa borist jafn margar umsóknir og fyrir þessa önn. Fjarnemar eru 508.

6. Önnur mál

Kjördæmavika

Íris Hauksdóttir upplýsti að hún yrði á ferðinni í kjördæmaviku ásamt þingmönnum og ráðherra og spurði hvort mögulegt væri að koma í vinnustaðaheimsókn þann 17. febrúar. Lára bauð þau velkomin en benti á að 17. febrúar er föstudagur og þá er ekki kennsla á staðnum. Íris mun hafa samband við Láru varðandi hentugan tíma.

Þemavika

Ída nefndi að þemavika yrði vikuna eftir miðannarviku í kringum loftslags- og umhverfismál og áhrif þeirra á stöðu kvenna í heiminum. Hér eru 5 kennaranemar í starfsnámi og munu þeir taka þátt í þessu.

Lára baðst afsökunar á að hafa gleymt fundartíma skólanefndar sem átti að vera í síðustu viku.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:03.